



 **BREIÐAFJARÐARNEFND**

Útgefandi: Breiðafjarðarnefnd
Texti: Náttúrustofa Vesturlands
Ljósmyndir: Daniel Bergmann (DB), Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH) og Róbert Arnar Stefánsson (RAS).
Kortagerð: Sigurgeir Skúlason
Kortið er gert samkvæmt gögnum frá Landmælingum Íslands
Uppsetning og hönnun: Náttúrustofa Vesturlands
Umbrot og prentun: Hjá Guðjón Ó hf.
Mars 2006

BREIÐAFJÖRÐUR

Breiðafjörður er víðáttumikill og grunnur flói við vesturströnd Íslands. Meðal helstu einkenna hans eru mikið grunnsævi og meiri sjávarföll en annars staðar við Ísland. Þetta tvennt gerir það að verkum að landslag breytist mjög mikið eftir sjávarstöðu og er áætlað að um fjórðungur allra fjara landsins sé við Breiðafjörð. Annað einkenni er mikill fjöldi eyja, hólma og skerja á innri hluta fjarðarins, sem áætlað hefur verið að telji hálf þriðja þúsund.

Breiðafjörður er á meðal þýðingarmestu svæða landsins fyrir fuglalíf og er á lista yfir mikilvægustu fuglasvæði í Evrópu. Er gildi Breiðafjarðar sérstaklega mikið fyrir sjófugla, vaðfugla, gæsir og haförn. Eyjar og strandlengja innri hluta Breiðafjarðar njóta verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Umfjöllunin hér nær einkum til helstu fuglategunda sem einkenna eyjar og fjöru verndarsvæðisins en er hvorki tæmandi fyrir fuglalíf á því né inn til landsins umhverfis Breiðafjörð.

Einkenni fuglalífsins

Fuglalíf á Breiðafirði einkennist af tegundum sem eiga allt sitt undir lífríki sjávar og verpa sumar í stórum byggðum. Auk íslensku varpfuglanna eiga þúsundir fugla af nokkrum tegundum svokallaðra fargesta, leið um Breiðafjörð á leið sinni til og frá varpstöðvum á Grænlandi og norðurhluta Kanada.

Hvers vegna þetta mikla fuglalíf?

Helsta ástæða þessa auðuga fuglalífs er gnægð fæðu, sem byggir á samspili landslags, mikilla sjávarfalla og frjósemi sjávar. Um 65% af flatarmáli klettafjara á Íslandi er við Breiðafjörð og 40% allra leira en þessar tvær fjörugerðir eru þær lífaúðugustu og hafa langt um fjölbreytilegri tegundasamsetningu en aðrar. Fjörurnar og önnur fjölbreytt búsvæði dýra og plantna í sjó hafa í för með sér óvenjulega mikinn þéttleika sjófugla og vaðfugla. Vaðfuglarnir eru sérlega algengir á vorin þegar þeir hafa aðgang að mikilli fæðu í fjöru Breiðafjarðar á meðan lítið er um fæðu inn til landsins. Sjófuglarnir eru hins vegar allsráðandi yfir sumarið, þar sem þeir hafa bæði aðgang að fæðu úr sjónum og hentugum hreiðurstæðum í eyjunum.



HELSTU FUGLATEGUNDIR

Algengustu fuglategundirnar á verndarsvæði Breiðafjarðar að sumarlagi eru lundi, æðarfugl og rita en að vetrarlagi er æðarfugl ríkjandi tegund, auk þess sem máfar og skarfar eru áberandi. Á Íslandi er haförn hvergi algengari en við Breiðafjörð en þrátt fyrir að þar megi sjá hann allt árið er hann ekki sérlega tíð sjón. Hér verður fjallað um nokkrar af einkennandi fuglategundum Breiðafjarðar.

Varpfuglar


Reglulega verpa 35 fuglategundir í Breiðafjarðar-eyjum eða tæplega helmingur íslenskra varpfugla. Við fjörðinn allan verpa að staðaldri 57 tegundir. Eftirfarandi tegundir eru mest áberandi á eyjum og í fjöru:

Æðarfugl er staðfugl sem heldur sig með ströndum árið um kring. Talið er að hátt í ein milljón æðarfugla hafi vetursetu við landið og er æðarstofninn því stærri en allir aðrir andarstofnar landsins samanlagðir og jafnframt meðal stærstu fuglastofna landsins. Æðurin verpur við fjölbreytilegar aðstæður í hólum, eyjum og við strendur. Fæðan eru ýmsir hryggleys-

ingjar, svo sem kræklingur, doppur, kuðungar, krabbadýr og krossfiskar. Á Íslandi hefur æðarfugl notið fullrar friðhelgi síðan 1847 en víða erlendis er hann veiddur til matar. Um aldir hefur samneyti æðarfugls og manna verið náð á Íslandi.

Lundi er nær algjör farfugl og algengasti fuglinn á Breiðafirði að sumarlagi, þótt hann sjáist sjaldan nærri mannabústöðum. Hann verpur í þéttum, grasi vöxnum byggðum í eyjum en heldur sig á rúmsjó yfir veturinn. Lundinn étur langmest fisk, sérstaklega sandsíli og loðnu, en einnig nokkuð af ýmiss konar hryggleysingjum. Hann kafar vel en er slakur flugfugl. Það notfæra sér kjói, kría og rita með því að elta lundann og stela bráð hans á flugi.

Teista er af ætt svartfugla líkt og lundinn en er staðfugl. Hún er algeng við Breiðafjörð og má víða sjá hana með ströndum. Teistur verpa í glufum eða holum nærri sjó, oft í stórgrýtisurðum, en þær nýta sér einnig mannvirki til varps. Teistur éta helst fisk, svo sem sprettfisk og sandsíli, en einnig hryggleysingja eins og rækju, burstaoorma og skeldýr. Fullorðnar teistur eru að mestu staðfuglar en ungar teistur dreifast nokkuð frá landinu að vetrarlagi.



Toppskarfur er staðfugl, sem heldur til með ströndum fram. Langstærsti hluti íslenska stofnsins verpur í byggðum á lágum klettum í eyjum eða skerjum á Breiðafirði. Úr fjarlægð líkist toppskarfurinn dílaskarfi í útliti en er þó minni, með fingerðara nef og hnöttóttara höfuð. Toppinn má sjá á fullorðnum fuglum frá janúar fram á vor. Sandsíli eru mikilvægasta fæða toppskarfs á varptíma en marhnútur og þorskfiskar að hausti og vetri.

Dílaskarfur er staðfugl og sjófugl eins og toppskarfurinn en finnst stöku sinnum á ferskvatni. Dílaskarfurinn verpur í byggðum, aðallega á flötum, gróðursnauðum skerjum á Breiðafirði og Faxaflóa. Ungfuglar dreifast allt í kringum landið að vetrarlagi en fullorðnu fuglarnir halda sig að mestu í grennd við varpstöðvarnar. Séð frá hlið hefur dílaskarfur í lengra og meira kassalaga höfuð en toppskarfur. Fullorðnir fuglar hafa hvíta kverk og ljósan díl á læri, sem þeir draga nafn sitt af. Dílaskarfar veiða fiska á grunnsævi og er marhnútur langmikilvægastur þeirra. Aðrar helstu fæðutegundir eru sprettfiskur, þorskfiskar og koli.

Haförn er jafnan nefndur konungur íslenskra fugla. Hann er staðfugl sem verpur á vestanverðu landinu. Breiðafjörður hefur löngum verið honum mikilvægasta svæðið og þar heldur sig um 2/3 af stofn-

inum. Stofninn er í hæfum vexti eftir að hafa nánast dáíð út um 1960. Örninn er mjög viðkvæmur í varpi og er af þeim sökum óheimilt að fara nær arnarhreiðri en 500 metra nema um sé að ræða landeiganda við hefðbundna nýtingu lands. Aðalfæða arnarins að sumarlagi er fyll, æðarfugl og ýmsir fiskar. Örninn er alfríðaður.

Hvítmáfur er að mestu leyti staðfugl. Hann verpur helst í bröttum, stöllióttum hlíðum fjalla í grennd við sjó á vestanverðu landinu en stærsta einstaka varpið er í Mýrarhyrnu við Grundarfjörð. Fæðuval hvítmáfs er fjölbreytt en á meðal helstu fæðugerða eru kræklingur, krabbar og önnur fjöruðýr, sandsíli og úrgangur frá fiskibátum. Þá étur hann einnig unga og egg annarra tegunda.

Svartbakur er staðfugl og stærstur máfa. Að vetrarlagi halda svartbakar sig einkum við sjávarsíðuna en á sumrin dreifast þeir einnig lítills háttar inn til landsins. Þeir verpa við fjölbreytilegar aðstæður, ýmist sem stök pör eða í byggðum. Svartbakurinn er tækifærissinni í fæðuvali og alæta. Helsta fæða eru ýmsir fiskar, svo sem sandsíli, sprettfiskur og loðna, en að sumarlagi étur hann einnig unga og egg ýmissa tegunda. Að auki étur hann fiskúrgang og annan úrgang frá mannum, svo og skeldýr og ýmis hræ.

Tjaldur er að mestu farfugl og algengur varpfugl á láglendi við sjó. Flestir íslenskir tjaldar fara til Bretlandseyja yfir veturinn en 2-3 þúsund fuglar verða þó eftir við suður- og vesturströndina; hluti þeirra við Breiðafjörð. Stærstan hluta fæðu sinnar sækir tjaldur í fjöruna, sérstaklega að vetrarlagi. Er þar einkum um að ræða krækling og burstaorma. Í fæðuleit inn til landsins að sumarlagi sækir hann mest í skordýr og ánamaðka. Tjaldur er alfriðaður.

Fýll er nær eingöngu farfugl og afar algengur sjófugl allt í kringum Ísland. Honum er stundum ruglað við máfa en er lítið skyldur þeim, heldur tilheyrir svo-kölluðum pípunösum. Fýllinn heldur sig á rúmsjó stóran hluta ársins en kemur snemma vors að varpstöðvum sínum. Hann verpur í eyjum, sjávarbjörgum og fjöllum við sjávarsíðuna, þótt dæmi séu um að hann verpi í fjöllum alllangt frá sjó.

Rita er farfugl að mestu en mjög algengur varpfugl í sjávarhömrum í eyjum og á meginlandi. Hún kemur að varpstöðvum í janúar eða febrúar en heldur að mestu leyti til á rúmsjó utan varptíma. Íslenski ritustofninn hefur stækkað mjög á síðustu tveim öldum og er nú meðal stærstu fuglastofna landsins. Helstu varpstöðvar eru í stórum fuglabjörgum en hún er einnig mjög algeng á Breiðafirði. Sandsíli er mikilvægasta fæðutegundin en ritan étur líka smokkfiska

og fiskúrgang frá bátum og fiskvinnslum.

Kría er alger farfugl og á meðal algengustu og útbreiddustu fugla landsins. Flestar kríur koma til landsins úr suðurhöfum í maí eftir lengsta farflug íslensks fugls og dvelja á landinu fram í ágúst. Þær verpa langflestar í byggðum, sem eru við fjölbreytilegar aðstæður nærri sjó. Kríur verpa víða við Breiðafjörð en stærsta einstaka varpið er við Rif á Snæfellsnesi, sem jafnframt er eitt stærsta kríuvarp landsins.

Grágæs er næstum eingöngu farfugl og sú gæs sem algengust er á láglendi Íslands. Fyrir 1950 voru grágæsir nær óþekktar í Breiðafjarðareyjum og á Vestfjörðum en í kjölfar fjölgunar næstu áratugi hófu þær varp þar. Nú verpa grágæsir í eyjum víða um fjörðinn, þó sjaldan margar í hverri eyju. Grágæs er mun algengari á Breiðafirði þegar líða tekur á sumarið þegar þúsundir grágæsa víða af landinu fella þar fjaðrir.

Hrossagaukur er nær eingöngu farfugl, sem heldur sig í V-Evrópu yfir veturinn. Hann er á meðal ástsælustu fugla landsins og auðþekktur á hnegginu, sem hann myndar með stélfjöðrunum þegar hann steypir sér í átt til jarðar. Hrossagaukar eru algengir í fjölbreyttu deiglendi við Breiðafjörð sem annars staðar á



láglendi Íslands. Í Flatey á Breiðafirði er langþéttasta hrossagauksvarp sem vitað er um hér á landi með um 160 pör á ferkílómetra. Hrossagaukurinn er alfriðaður á Íslandi.


Fargestir

Rauðbrystingur, **tildra**, **sanderla** og **margæs** tilheyra svokölluðum fargestum á Íslandi. Þessar tegundir verpa ekki á Íslandi en eiga leið um Ísland vor og haust á leið sinni milli vetrarstöðva í V-Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og í N-Kanada. Fargestirnir eru áberandi í fjörum Breiðafjarðar í maí en sjást frá miðjum apríl fram í júní og aftur frá júlí til október. Fuglarnir nota tímann á Íslandi til að safna orku- forða fyrir krefjandi, áframhaldandi flug en lífauðug svæði við Breiðafjörð og Faxaflóa eru nauðsynleg fyrir fuglana á langferðum sínum. Fargestirnir eru allir alfriðaðir.

NÝTING

Maðurinn hefur nýtt sér fugla á ýmsan hátt frá örofi alda. Í flestum tilfellum hefur nýtingin tengst fæðuöflun en þó ekki alltaf. Æðarfugl og lundi eru algengustu fuglar Breiðafjarðar og jafnframt þær tegundir sem mest hafa verið nýttar.

Æðarrækt hefur verið stunduð frá upphafi Íslandsbyggðar. Dúni er safnað úr hreiðrum á varptíma en hann er verðmæt söluvara og því mikilvægur fyrir æðarbændur. Í gegnum aldirnar hefur ræktunin þróast en mörg æðarvörp nútímans eru þar sem einhver vörp voru áður á meðan önnur eru manngerð á þann hátt að fuglarnir hafa verið hændir til að verpa á ákveðnum stöðum. Við flest æðarvörp er náttúrulegum óvinum æðarfuglsins haldið frá. Dúninum er safnað í maí og júní, hann hreinsaður á næstu mánuðum og að stærstum hluta seldur úr landi. Breiðafjörður hefur löngum verið talinn vagga æðarúnsframleiðslu á Íslandi. Umferð er óheimil um friðlýst æðarvörp á varptíma.




Fjaðratínsla. Mikill fjöldi gæsa og álfta fellir fjaðrir síðsumars í Breiðafirði. Allt fram til fyrri heimstyrjaldar voru álftafjaðrir tíndar á þessum tíma og m.a. notaðar í fjaðrapenna.

Eggja- og ungatekja hefur lengi verið meðal mikilvægra hlunninda við Breiðafjörð þótt dregið hafi úr þeim á síðari árum. Egg hafa helst verið tekin hjá ritu, svartbak, hvítmáfi og teistu en ungatekja hefur verið mest hjá skörfum og lunda.

Skotveiði er lítil á verndarsvæðinu en einkum stunduð af þeim sem nytja svæðið sér til lífsviðurværis. Flestar fuglategundir eru friðaðar að sumarlagi en að vetrarlagi eru skotnar teistur, skarfar og máfar. Svartbakur og hrafn eru skotnir allt árið í einhverjum mæli. Litlar sem engar gæsaveiðar eru á verndarsvæðinu en dálitlar umhverfis fjörðinn.

Lundaveiði með háfum hefur verið stunduð um aldir. Árlega eru vel yfir 100 þúsund fuglar veiddir á landsvísu úr mjög stórum stofni, flestir í Vestmannaeyjum en nokkur fjöldi við Breiðafjörð.



FUGLASKOÐUN

Flestir farfuglar koma til landsins í apríl og maí en byrja að yfirgefa landið síðla sumars og eru flestir farnir í október. Ákjósanlegasti tíminn til fuglaskoðunar er í maí og júní og er þá tekið mið af fjölda tegunda, veðri, aðgengi, búningum fugla og hversu áberandi þeir eru. Á veturna eru færri tegundir hér á landi og halda sig helst við strandlengjuna. Finnast þá stöku tegundir sem ekki sjást á sumrin, svo sem bjartmáfur, æðarkóngur og gráhegri. Einnig eru vetrarbúningar ýmissa tegunda frábrugðnir sumar-búningum.

Hægt er að stunda fuglaskoðun nánast alls staðar við Breiðafjörð þó sum svæði séu gjöfulli en önnur. Aðgangur ferðamanna að eyjunum er takmarkaður vegna samgangna en bent skal á áhugaverðar náttúruskoðunarferðir frá Stykkishólmi með skipi eða kajak. Sömmuleiðis má nota ferjuna yfir Breiðafjörð til að komast til Flateyjar, þar sem fuglalíf er sérlega auðugt. Af öðrum áhugaverðum svæðum má nefna Kolgrafafjörð, Hofsstaðavog og Álftafjörð á Snæfellsnesi, leiðina um Fells- og Skarðsströnd, Gufufjörð, Berufjörð, Vatnsfjörð og svæðið umhverfis Reykhóla. Svæðin eru mismunandi eftir árstíðum en að jafnaði

er fuglalíf auðugast á þessum svæðum á vorin og fyrri hluta sumars. Sérstaklega er bent á að frá miðjum apríl fram í byrjun júní eru mestar líkur á að sjá fargestina rauðbrysting, tildru, margæs og sanderlu.

Aðrir áhugaverðir fuglaskoðunarstaðir við Breiðafjörð, skammt utan verndarsvæðisins, eru hið stórfenglega Látrabjarg við norðanverðan Breiðafjörð, sem enginn náttúruskoðari ætti að láta fram hjá sér fara, og Þúfubjarg og Saxhólsbjarg á utanverðu Snæfellsnesi. Á þessum stöðum verpa svartfuglarnir **langvía**, **stuttnefja** og **álka** í stórum byggðum en þær tegundir eru sjaldgæfar á verndarsvæðinu.

Auk þeirra fuglategunda sem nefndar hafa verið hér að framan, verpa eftirfarandi tegundir reglulega við Breiðafjörð: **Lómur**, **himbrimi**, **flórgoði**, **álft**, **straumönd**, **skúfönd**, **duggönd**, **hávell**a, **rauðhöfðaönd**, **stökkönd**, **urtönd**, **toppönd**, **gulönd**, **fálki**, **smyrill**, **rjúpa**, **sandlóa**, **heiðlóa**, **lóuþræll**, **spói**, **jaðrakan**, **stelkur**, **sendlingur**, **óðinshani**, **þórshani**, **kjóí**, **sílamáfur**, **hettumáfur**, **silfurmáfur**, **stormmáfur**, **brandugla**, **þúfutittlingur**, **mariuerla**, **músarrindill**, **steindepill**, **skógarpröstur**, **stari**, **auðnutittlingur**, **snjótittlingur** og **hrafn**.